RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

2. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 26. september 2003 kl. 13.00

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

2. Starfsemi Lífiðnar. Haraldur Jónsson og Þórir Hermannsson
Þórir Hermannson og Haraldur Jónsson kynntu úttekt og samanburð sem gerð hefur verið á 15 stærstu lífeyrisjóðum landsins. Lífiðn er sterkasti sjóðurinn og sá eini sem á fyrir framtíðarskuldbindingum af SAL sjóðunum, með um 5% umfram framtíðarskuldbindingar. Ávöxtun sjóðsins hefur batnað umtalsvert undanfarið

3. Starfssemi Félagsmálaskólans í vetur.
Rannveig Einarsdóttir skólastjóri kynnti starfsemi og námskeið skólans í vetur. Búið er að setja upp tvö námskeið fyrir trúnaðarmannaskóla RSÍ.

4. Skattamál ASÍ.
Farið var yfir tillögur um breytingar á skattkerfi ASÍ. En skattar RSÍ hafa hækkað um 100% á meðan félagsgjaldatekjur hafa hækkað 45%. Á samatíma hafa skattar annarra hækkað um 47%. Samþykkt að leggja að ársþing ASÍ kjósi þriggja manna fjárhagsnefnd sem hafi umsjón með rekstri ASÍ. Samþykktar nýjar tillögur um nýtt skattkerfi ASÍ. Tillögur um breytt kerfi vegna fjölda ársfundafulltrúa samþykktar.

5. Yfirlit yfir rekstrarstöðu RSÍ
Rúnar fór yfir rekstrarstöðu sjóða RSÍ og fram kom að staðan er í samræmi við áætlanir þó tekjur hafi eitthvað dregist saman á milli ára.

6. Kárahnjúkar.
Farið yfir stöðuna við Kárahnjúka. Framkoma verktakans ásættanlega og samþykkt að linna ekki látum fyrr en viðunandi niðurstaða næðist.

7. Fulltrúar RSÍ í miðstjórn ASÍ.
Farið var yfir skipan miðstjórnar ASÍ og væntanlega kosningu varaforseta. Nú er kosið um miðstjórnarmann RSÍ og varamann hans.

8. Starfsreglur orlofsnefndar og væntanleg verkefni.
Lagðar voru fram til kynningar starfsreglur orlofsnefndar. Ákveðið að ljúka viðgerðum á stóra húsinu við Apavatn á næsta ári.

9. Minnisvarði við Mývatn.
Minnisvarði vegna rafiðnaðarmanna sem drukknuðu við störf sín við Mývatn hefur verið valin staður og verður afhjúpaður 25. okt.

10. Staðfestingar kjarasamninga sýningarmanna og vegna jarðgangna við Reyðarfjörð.
Kjarasamningar sýningamanna og vegna jarðgangna við Reyðarfjörð lagðir fram og voru staðfestir.

11. Undirbúningur vegna trúnaðarráðstefnu. Þáttökulistar og spurningavagn vegna launakönnunar.
Farið var yfir þátttökulista og dagskrá. Kynnt var launakönnum sem gerð verður á heimasíðu sambandsins fyrir trúnaðarráðstefnu

12. Önnur mál
- Tilnefning í stjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins
- Umræður urðu um starfslýsingar rafiðnaðarmanna sem komið hafa frá Fræðsluskrifstofu.
- Undirbúningur fyrir aðalfundur Fræðsluskrifstofu
- Skipuð verði nefnd af aðildarfélögum sem vinni að fjölskyldustefnu RSÍ skv ákvörðun síðasta þings.

Haukur Ágústsson,

Rafiðnaðarsamband Íslands, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík. Sími: 580 5200 Fax: 580 5220 rsi@rafis.is Útgefið: 14/10/2003 Áb.m. Guðmundur Gunnarsson